

Alþingi

Erindi nr. B 121 1369

komudagur 10/12 1996

**Ófullkominn texti um sölu á aflaheimildum úr
norsk-íslenska síldarstofninum.
Unnið skv. beiðni Sighvats Björgvinssonar**

Á eftir 5. mgr. 5. gr. frumvarpsins bætist við ný mgr. er orðist svo:

Veiðiheimildir úr norsks-íslenska síldarstofninum skulu, þrátt fyrir ákvæði 2. og 5. mgr. árlega boðnar út. Er útgerðum fiskiskipa sem hæf eru til að stunda síldveiðar heimilt að gera tilboð í tiltekið aflamark af síld. Ráðherra skal ákveða útboðsskilmála og skal þar kveðið á um hámark og lágmark þess aflamarks sem heimilt er að bjóða í vegna einstaka fiskskips, skilafrest á tilboðum og önnur atriði er máli skipta varðandi útboðið. Þá er ráðherra heimilt að ákveða að ekki verði tekið tilboðum undir tilteknu lágmarksverði.

Skal hæstu boðum tekið meðan aflaheimildir hrökkva til. Séu tvö eða fleiri tilboð jafnhá en heildaraflamark ekki nægt til að taka þeim að fullu skal tilboðunum tekið með hlutfallslegri skerðingu. Tilboðsgjafi er bundinn af tilboði sínu en heimilt er honum að hverfa frá því ef ekki eru fyrir hendi nægilegar aflaheimildir til að taka því að fullu. Tilboðsgjafi skal staðgreiða aflamark og skal aflamarkið skráð á viðkomandi fiskiskip þegar það hefur verið greitt að fullu. Tekjur af útboði aflaheimilda skulu renna til.